



Reglur um fjárhagsaðstoð Vestmannaeyjabæjar

I. Kafli

Almenn ákvæði og lagagrundvöllur

1. gr.

Lagagrundvöllur fjárhagsaðstoðar

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og sbr. III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Virða skal sjálfsákvörðunarrétt umsækjenda og þeir studdir til sjálfshjálpar, virkrar þátttöku og valdeflingar í mótun þjónustu sem að þeim snýr. Skal þess gætt að upplýsa umsækjendur um réttindi sín, en jafnframt þá ábyrgð sem á þeim hvílir gagnvart sjálfum sér og öðrum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Félagsleg ráðgjöf skal standa umsækjanda til boða, sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 8. gr. reglna þessara. Skal þjónustan miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu og taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og aðstæðum hvers og eins.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroska vænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og IV. kafla reglna þessara.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.



2. gr.

Framfærsluskylða

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa, samkvæmt reglum þessum, hafa einnig tveir einstaklingar sem búa saman, enda hafi óvígð sambúð þeirra verið skráð í Þjóðskrá Íslands.

Umsækjendum um fjárhagsaðstoð er skylt að leita sér að atvinnu og taka vinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

3. gr.

Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilis sveitarfélagi. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika 1) sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990.

Purfi einstaklingur/fjölskylda skyndilega á aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi, s.s. vegna slysa, veikinda eða annarra orsaka, er skylt að veita tímabundna aðstoð. Hafa skal samráð við lögheimilissveitarfélagið og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þessar. Lögheimilissveitarfélagið endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn að fullu, sbr. 14. gr. laga nr. 40/1991.

Telji starfsmaður að búseta umsækjanda sem skráður er með lögheimili í sveitarfélaginu, sé ekki ígildi fastrar búsetu, samanber ákvæði laga um lögheimili og aðsetur, skal leiðbeina umsækjanda varðandi það. Umsækjandi þarf m.a. að geta mætt í regluleg viðtöl til ráðgjafa og sinnt þeirri vinnu sem fer fram í sveitarfélaginu skv. áætlun.

4. gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð telst til skattskyldra tekna. Um frádrátt staðgreiðslu vísast til laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Umsækjandi skal gefa upplýsingar um nýtingu skattkorts áður en aðstoð er greidd út.



Fjárhagsaðstoð er ýmist veitt sem styrkur eða lán. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna. Lán eru vaxtalaus.

Einstaklingur sem bíður eftir afgreiðslu umsóknar á endurhæfingarlífeyri eða örorkumati frá Tryggingastofnun ríkisins, afgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands eða afgreiðslu umsóknar hjá Vinnumálastofnun getur sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar viðkomandi umsækjandi hefur fengið bætur sínar greiddar aftur í tímann, ber honum að greiða lánið til baka. Hámark láns samsvarar framfærslugrunni í allt að þrjá mánuði.

Lán kemur aðeins til útborgunar ef mat á endurgreiðslugetu umsækjenda liggur fyrir og eftir að gengið hefur verið frá lánasamningi. Ekki skal veita ný lán nema staðið hafi verið í skilum vegna eldri lána skv. greiðslusamkomulagi eða samið verið um endurgreiðslu eldri lána. Jafnframt skal lánþegi samþykkja með skriflegu umboði að endurgreiðslan verði dregin út af bankareikningi hans.

5. gr.

Gildistími umsóknar um fjárhagsaðstoð

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð og er að jafnaði um eftirá greiðslur að ræða. Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði.

Ef fjárhagsaðstoð varir lengur en þrjá mánuði, þarf umsækjandi að endurnýja umsókn sína skriflega. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en þrjá mánuði skulu kannaðar sérstaklega og félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ef fjárhagsaðstoð hefur varað í sex mánuði skal viðkomandi bent á að leita sér aðstoðar umboðsmanns skuldara ef við á. Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

Að öllu jöfnu er ekki heimilt að greiða fjárhagsaðstoð meira en einn mánuð aftur í tímann hafi viðkomandi átt rétt á aðstoð. Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja getur í undantekningartilfellum ákveðið að aðstoð skuli greidd lengra aftur í tímann, þó aldrei meira en þrjá mánuði. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta slíka aðstoð og verður skilyrðum fjárhagsaðstoðar að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

Enginn skal njóta fjárhagsaðstoðar án þess að vera í samstarfi við ráðgjafa félagsþjónustu um lausn sinna mála.



II. kafli

Umsókn og mat á fjárpörf

6. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn skal skilað inn rafrænt í gegnum íbúagátt á heimasíðu sveitarfélagsins. Ef skila þarf inn skriflegri umsókn skal hún vera á þar til gerðu eyðublaði, undirrituð af umsækjanda og maka, ef við á, og skilað inn til þjónustuvers Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyja. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fjárhagsaðstoð fyrir sína hönd sem og fengið aðstoð starfsmanna sviðsins til að fylla út umsóknina.

Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 3. gr.

Til að umsókn sé tekin gild þurfa eftirfarandi gögn að fylgja með umsókninni (á einnig við um maka og aðra fjölskyldumeðlimi með tekjur):

1. Tekjuupplýsingar sl. 3 mánuði (s.s. Launaseðlar, bætur frá TR, VMST, stéttarfélagi eða lífeyrissjóði)
2. Síðasta skattframtal
3. Yfirlit úr staðgreiðsluskrá
4. Staðfesting á skráningu hjá Vinnumálastofnun. Umsækjanda ber að kanna rétt sinn hjá Vinnumálastofnun og skila niðurstöðu þess efnis með umsókninni.
5. Minnisblað atvinnuleitanda, sem gefið er út af Fjölskyldu- og fræðslusviði, þar sem fram koma þrjú störf sem umsækjandi hefur sótt um síðastliðinn mánuð
6. Læknisvottorð sé umsækjandi óvinnufær. Í læknisvottorði þarf að tilgreina ástæðu óvinnufærni, sjúkdómsgreiningu, upplýsingar um fyrirhugaða læknismeðferð og/eða endurhæfingu auk tímabils óvinnufærni.
7. Staðfestingu á umsókn hjá Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins eða Sjúkra-tryggingum Íslands, sé sótt um lán til framfærslu, ásamt bankayfirliti eftir því sem við á. Þá skulu liggja fyrir upplýsingar um lánamöguleika hjá bönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum þegar slíkt á við.
8. Skírteini um dvalarleyfi, sé umsækjandi erlendur ríkisborgari. Erlendur ríkisborgari með dvalarleyfi, þar sem skyldur aðili ábyrgist framfærslu hans, á að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Víkja má frá framangreindum kröfum um framlagningu gagna sé um rökstutt neyðartilvik að ræða.

Umsókn fellur úr gildi ef umbeðin gögn berast ekki innan 14 daga frá móttöku umsóknar. Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og gefinn kostur á að bæta úr innan tveggja vikna. Sinni



umsækjandi ekki þeim tilmælum eða neiti að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka/sambúðaraðila fellur umsókn úr gildi.

7. gr.

Tekjur og eignir umsækjanda

Með tekjum er hér átt við allar innlendar og erlendar skattskyldar tekjur umsækjanda og maka/sambúðaraðila, s.s. atvinnutekjur, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands eða sjúkrasjóðum stéttarfélaga, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, verktakagreiðslur, greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði o.fl. Eigi umsækjandi rétt á greiðslum frá öðrum stofnunum er heimilt að reikna honum þær til tekna við útreikning fjárhagsaðstoðar.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur, eignir umfram íbúðarhúsnæði til eigin nota og eina bifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánað fyrirgreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð. Ef umsækjandi, maki hans eða sambýlisaðili, á eignir sem nýtast geta til framfærslu á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Sýni bankyfirlit að eignir umsækjanda séu yfir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

Starfsmenn félagsþjónustu geta, ef þörf krefur, aflað ítarlegri upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda/maka, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði, Útlendingastofnun, sýslumanni innlendum og/eða erlendum lífeyrissjóðum og bönkum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka, stöðvast afgreiðsla umsóknar.

8. gr.

Samvinna og félagsleg ráðgjöf

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nt. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.



Umsækjendur skulu mæta í viðtal til starfsmanna félagsþjónustu þar sem kannaðar eru fjárhagslegar og félagslegar aðstæður. Veita skal umsækjendum leiðbeiningar um málsmeðferð umsóknar.

Enginn skal njóta fjárhagsaðstoðar án þess að vera í samstarfi við félagsráðgjafa um lausn sinna mála.

9. gr.

Mat á fjárþörf og afgreiðsla umsókna

Við mat á fjárþörf er litið til allra tekna umsækjenda, og maka ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, þá skal einnig litið til tekna þriggja mánaða á undan. Að jafnaði skal miða við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Undantekningar frá tekjuviðmiðinu skal leggja fyrir Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur. Allar tekjur einstaklings, og maka ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuð á undan eru taldar með við mat á fjárþörf. Mat á fjárhagsaðstoð er alla jafna óháð því hvort barn/börn búa á heimilinu, gert er ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum og meðlögum ef við á. Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar. Húsnæðis- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og/eða húsnæðisbóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Þegar öll tilskilin gögn hafa borist er umsókn um fjárhagsaðstoð lögð fyrir fund þar sem réttur umsækjanda er metin og umsókn afgreidd. **Starfsmenn Fjölskyldu- og fræðsluviðs skulu taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.**

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður félagsþjónustu upplýsa umsækjanda um rétt sinn til fjárhagsaðstoðar. Einnig skal starfsmaður veita umsækjanda félagslega ráðgjöf og upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem hvíla á honum vegna umsóknar um fjárhagsaðstoð.



III. kafli

Réttur og upphæðir fjárhagsaðstoðar

10. gr

Réttur til fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal veita í eftirtöldum tilvikum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum:

1. Til einstaklinga og fjölskyldna sem hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð fyrir sér og sínum, sbr. 12 gr. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og III kafla þessara reglna.

2. Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustu, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Til að eiga rétt á fjárhagsaðstoð þarftu að:

- Vera 18 ára eða eldri
- Eiga lögheimili í Vestmannaeyjum
- Hafa tekjur og eignir (umsækjenda og maka) undir ákveðnum viðmiðunarmörkum
- Vera með tekjur og eignir (umsækjenda og maka) undir viðmiðunarmörkum
- Vera búin að fullnýta rétt í öðrum kerfum

Ávallt skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, s.s. frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga. Einnig skal kanna möguleika á annarri aðstoð en fjárhagsaðstoð s.s. ráðgjöf og leiðbeiningum.

11. gr.

Upphæðir fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og getur numið allt að 220.252 kr. á mánuði.

Framfærslugrunnur vegna einstaklinga hefur stuðulinn 1,0 en vegna hjóna og fólks í sambúð 1,6 eða 352.404 kr. á mánuði.



Framfærslugrunnur einstaklinga sem deila heimili með öðrum og njóta hagræðis vegna þessa hefur stuðulinn 0,5 og er þá 110.126 kr. á mánuði.

Ofangreindar upphæðir breytast í janúar ár hvert samkvæmt samþykkt Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja hverju sinni og almennt með hliðsjón af hækkun neysluvísitölu milli ára.

12. gr.

Lækkun fjárhagsaðstoðar til framfærslu

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu og/eða námskeiðstilboði hjá Vinnumálastofnun eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringar eða eigi sjálfur sök á uppsögn, skerðist réttur til framfærslu um helming þess framfærslukvarða er umsækjandi fellur að, þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir. Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem sætir skerðingum eða er á biðtíma ákvörðunar Vinnumálastofnunar.

Umsækjandi, sem fær fjárhagsaðstoð á grundvelli læknisvottorðs, sem sinnir ekki áætlun um endurhæfingu, skal greiða hálfa grunnfjárhæð til framfærslu þann mánuð og mánuðinn á eftir, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

Einnig skerðist með sama hætti réttur umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu og/eða einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa félagsþjónustu nema veigamiklar ástæður, sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda, mæli gegn því. Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslega rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

Hafi umsækjandi ekki skráð sig tvisvar sinnum í mánuði hjá félagsþjónustu hjá Fjölskyldu- og fræðslusviði á þar til gert minnisblað, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil sem skráningu vantar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf, sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 14. gr. reglna þessara.



IV.kafli Sérákvæði

13. gr. Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

A. Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að umsækjandi geti sýnt fram á að hafa stöðvað atvinnurekstur sinn og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, sbr. og 6. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og leiti að fullu starfi.

B. Námsmenn/Námsstyrkir

Einstaklingur sem stundar lánshæft nám hjá LÍN á ekki rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að veita lán/styrk til einstaklinga sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla:

- Til einstaklinga á aldrinum 18-24 ára sem hafa búið við mjög erfiðar félagslegar aðstæður. Um sé að ræða einstakling sem ekki hefur tök á að vinna með skóla og fyrir liggur mat á því að ef ekki komi til aðstoðar sé ljóst að viðkomandi flosni úr námi.
- Til einstæðra foreldra 18-24 ára sem hafa átt í félagslegum erfiðleikum. Aðstoðin skal vera liður í því að gera viðkomandi kleift að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi.
- Til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði en gert er ráð fyrir að námsmenn vinni sér inn sjálfir tekjur hluta af árinu eða með námi eða allt að kr. 850.000 sem telst frítekjumark áður en tekjur koma til frádráttar framfærslustyrks. Ef námsmaður er að hefja nám (er að koma af vinnumarkaði) er heimild til að tvöfalda frítekjumark hans fyrsta námsárið.

Mánaðarlegur námsstyrkur til framfærslu telst því allt að 75% af grunnframfærslu skv. reglum þessum eða kr. 165.189 kr. Tekjur umfram frítekjumark skerða mánaðarlega grunnfjárhæð. Leggja þarf inn umsókn áður en námið hefst.



Námsmenn sem búa í foreldrahúsum eða á annan hátt án húsnæðiskostnaðar geta fengið 50% af framfærslugrunni námsmanns. Ef um verulega félagslega erfiðleika er að ræða, s.s. ef foreldrar eða aðstandendur námsmanns sem býr hjá þeim eru á eða undir tekjumörkum reglna um fjárhagsaðstoð er heimilt að miða við 75% grunnframfærslu.

Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlök. Auk þess er starfsmanni félagsþjónustunnar heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum um ástundun og námsframvindu. Starfsmaður skal meta námsframvindu miðað við aðstæður hvers og eins. Forsenda námsaðstoðar er að námsmaður sýni fram á eðlilega skólasókn og námsframvindu skv. reglum viðkomandi skóla. Að öðrum kosti fellur fjárhagsaðstoð niður.

Miðað skal við að námið leiði til starfsréttinda eða að nemi geti í framhaldi hafið nám sem er lánshæft hjá LÍN. Tekjur sem umsækjandi kann að fá reiknast honum til tekna og frádráttar frá fjárhagsaðstoð. Bókakostnaður og skólagjöld skulu að hámarki nema kr. 50.000.- og skila þarf viðeigandi kvittunum. Ákvarðanir skulu teknar fyrir hverja önn og heimilt er að veita námsstyrk að hámarki 4 annir.

C. Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri.

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til tekjulágra foreldra sem eru með forsjá barna sinna. Um er að ræða aðstoð til að greiða eftirfarandi:

- a. Leikskólagjöld, skólamáltíðir, frístund.
- b. Sumardvöl og/eða þátttöku barna í þroskandi félags- og tómstundastarfi.
- c. Sérstakan kostnað vegna skóla og tómstunda s.s. ferðakostnað, fatnað og skólavörur.
- d. Kostnað vegna fermingar.
- e. Læknis og lyfjakostnaðar.
- f. Náms 16 og 17 ára barna. Styrkurinn skal miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á a.m.k. sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 20.000,- kr. á mánuði.

Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf í þágu barna, er heimilt að veita foreldrum styrk sem nemur heildarkostnaði eða hluta hans vegna liða a. til f. hér í heimildum vegna sérstakra ástæðna. Ávallt skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf.



D. Greiðsla sérfræðiaðstoðar

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna:

1. Læknis- og lyfjakostnaðar.
2. Nauðsynlegra tannlækninga.
3. Kaupa á hjálpartækjum svo sem gleraugum og heyrnartækjum.

Umsækjandi þarf að uppfylla eitt af fjórum skilyrðum:

1. Hafa verið atvinnu- eða tekjulaus undanfarna sex mánuði.
2. Vera lífeyrisþegi með greiðslur frá TR sem megin tekjur heimilisins.
3. Hafa notið framfærslu til lengri tíma.
4. Vera tekjulág eða sem nemur mánaðarlegum greiðslum lífeyrisþega hjá TR.

Hámark aðstoðar skal vera 40.000 kr. á ári. Kostnaðaráætlun eða reikningur skal ávallt fylgja með umsókn.

Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu fyrir sjúkráþjálfun, iðjupjálfun, viðtala hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum, geðlæknum og sérfræðingum í fjármálaráðgjöf ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan félagsþjónustunnar eða á vegum heilbrigðisstofnana.

1. Einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
2. Einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum.

Hámark aðstoðar skal vera 80.000 kr. á ári. Kostnaðaráætlun eða reikningur skal ávallt fylgja með umsókn.

Heimilt er að veita styrk til virkniúrræðis ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og umsækjandi hefur verið með fjárhagsaðstoð í þrjá mánuði eða lengur og það er mat ráðgjafa félagsþjónustu að úrræðið sé liður í að aðstoða einstaklinginn til að komast úr þeim aðstæðum sem hann er í. Virkniúrræðið þarf að vera til þess fallið að efla einstaklinginn til áframhaldandi uppbyggingar og aðstoða hann við að komast af fjárhagsaðstoð. Horft er á námskeið sem eru t.d. á vegum Vinnumálastofnunar, Visku og Virk.

Hámarks aðstoð er kr. 50.000.- á ári. Kostnaðaráætlun eða reikningur skal ávallt fylgja með umsókn.

E. Meðferð við fíknivanda

Heimilt er að greiða dvalarkostnað umsækjanda sem býr á áfangaheimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili og veita fjárhagsaðstoð sem skal vera jafn há ráðstöfunarfé samkvæmt skilgreiningu Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma.



Skilyrði fyrir greiðslu dvalarkostnaðar er að viðkomandi stofnun sé með starfsleyfi. Einnig er heimilt að veita aðstoð til greiðslu ferðakostnaðar einstaklinga sem eru að fara í meðferð. Dvalargjald og vasapeningur geta að hámarki numið grunnfjárhæð einstaklings og skal dvalargjald greitt beint til viðkomandi stofnunar.

Fjárhagsaðstoð er einungis samþykkt ef umsækjandi er tekjulaus eða með tekjur undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar.

F. Fangar

Þeir sem afplána dóm eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi, t.d. vasapeningur. Heimilt er að samþykkja til þriggja mánaða í senn. Viðmiðunarmörk aðstoðar er hámark 40.000 kr. á mánuði.

G. Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu.

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um og í þrjá mánuði á undan, lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu.

Drög að húsaleigusamningi til a.m.k. þriggja mánaða skulu liggja fyrir áður en ábyrgðaryfirlýsing er gefin út. Framvísa skal afriti af húsaleigusamningi þegar hann liggur fyrir eða staðfestingu á því að leigusamningur hafi verið skráður í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sbr. 5. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán.

Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.

Viðmiðunarmörk til einstaklinga allt að 200.000 kr. en til fjölskyldna 250.000 kr.

H. Styrkur vegna húsbúnaðar

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil til einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu eða eru með tekjur við viðmiðunarmörk, eru eignalausir og búa við mikinn félagslegan vanda eða með mikla og flókna þjónustupörf. Einnig er heimilt að veita húsbúnaðarstyrk til einstaklinga sem þurfa að rýma húsnæði sitt af heilbrigðisástæðum.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru allt að 100.000 kr. Greitt er gegn framvísun sundurliðaðra greiðslukvittana. Húsbúnaðarstyrkir greiðast aðeins einu sinni.



I. Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) umsækjandi hafi tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna sex mánuði eða lengur
- b) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrngreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana
- c) fyrir liggi yfirlit starfsmanns Fjölskyldu- og fræðslusviðs eða Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á
- d) fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið
- e) fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf

Lán skal ekki veitt ef ljóst er að umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því. Eigi er heimilt að veita styrki eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði og aðra lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

J. Útfararstyrkur

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúi eða framfærsluskyldir aðstandendur geta ekki staðið undir útför hins látna. Hámarksaðstoð er 150.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna
- Launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum
- Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr. sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita tekjulágum eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum lán eða styrk vegna útfararkostnaðar barns þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför barns og eignir foreldra eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reikninga vegna kostnaðar útfarar.



K. Áfallaaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar, fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilstryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til þeirra sem haft hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum til heildarþrifa á íbúð sem er orðin það heilsuspillandi að illmögulegt er að búa við þær aðstæður.

Skilyrði er að lögð séu fram gögn frá Heilbrigðiseftirliti eða úttekt frá viðurkenndum matsaðilum.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 80.000 kr.

L. Sérstök fjárhagsaðstoð í desember

Heimilt er að veita þeim einstaklingum sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu undanfarna 6 mánuði jólastyrk er nemur fjórðungi af grunnfjárhæð. Sækja þarf sérstaklega um jólastyrk

M. Bráðaaðstoð

Heimilt er í undantekningartilvikum, með samþykki stjórnanda, að veita fjárhagsaðstoð til að leysa úr bráðum vanda eða til að koma í veg fyrir hann, s.s. til að leysa út nauðsynleg lyf, greiða ferðakostnað vegna bráðatilvika og brýnan kostnað vegna barna. Aðstoð getur numið allt að ¼ hluta af grunnfjárhæð í hvert skipti. Hún skal veitt í formi láns eða styrks og er aðeins heimilt að veita aðstoð á þennan hátt einu sinni.

Reynist umsækjandi eiga rétt á fjárhagsaðstoð samkvæmt 11. gr. skal tekið tillit til lánsins/styrksins við útborgun fjárhagsaðstoðar ella getur komið til endurgreiðslu til sveitarfélagsins.



V. kafli.
Málsmeðferð

sbr. ákvæði stjórnssýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði XV. og XVI. Kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

14. gr.
Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónusta endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Einnig er heimilt að draga ofgreidda fjárhæð frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kynni að öðlast rétt til síðar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

15. gr.
Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Starfsmenn eru bundnir trúnaði og skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um persónulega hagi notenda og fara með allar upplýsingar sem þeir fá sem trúnaðarmál. Starfsmenn skulu skrifa undir þagnarheit og helst þagnarskyldan þótt látið sé af störfum.



16. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn Fjölskyldu- og fræðslusviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði Fjölskyldu-og tómstundaráðs Vestmannaeyja.

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja hefur heimild til að endurskoða ákvarðanir Fjölskyldu- og fræðslusviðs og/eða að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með skriflegri beiðni.

Starfsmönnum er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá umsækjendum eða aðstandendum þeirra.

17. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni til Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja.

Umsókn er synjað ef:

- a) umsækjandi er ekki með lögheimili í Vestmannaeyjum
- b) uppfyllir ekki skilyrði 10. gr. reglna þessara
- c) skilar ekki fylgigögnum innan 14 daga frá umsókn
- d) umsækjandi neitar að veita upplýsingar sem til þarf um sig og maka
- e) upplýsingar eru rangar og villandi

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið Fjölskyldu- og fræðslusviðs, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

18. gr.

Áfrýjun og málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun matsteymis Fjölskyldu- og fræðslusviðs til Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja innan fjögurra vikna frá því honum barst niðurstaða



umsóknar. Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur kært ákvörðun Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja til Úrskurðanefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda var tilkynnt ákvörðun.

19. gr.

Endurskoðun

Reglur þessar skulu vera endurskoðaðar og upphæðir uppfærðar árlega.

20. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð, taka gildi 1. júní 2025. Reglur þessar voru samþykktar í Fjölskyldu- og tómstundaráði Vestmannaeyja 2. apríl 2025 og kynntar í bæjarstjórn Vestmannaeyja 09.04.2025 í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Við gildistöku þessara reglna falla úr gildi eldri reglur um fjárhagsaðstoð.